

VÍS FRÉTTIR



Kraftur í Krafti

Anna Ingólfssdóttir

Ómar

vill nýjan
H-dag

Innbúskaskó?
Já takk!

Eyjólfur

og sparkvellirnir

VÍSari hitar
upp fyrir

Deep
Purple

Árekstur á
bílbeltasleða



Hundur í
sjúkráþjálfun
eftir bílslys



Mannrækt og samfélagsábyrgð

VÍS kemur víða við sögu verkefna á sviði menningar, lista, íþróttar og líknarmála enda hefur fyrirtækið samfélagslegt hlutverk og skyldur sem við tökum alvarlega.

Það má raunar sjá í hnotskurn í þessu fréttabréfi hve fjölbreytt samstarfsverkefni okkar eru og í öllum tilvikum uppfylla þau kröfur okkar um að vel sé að þeim staðið og þau hafi uppbyggilegt gildi fyrir líkama og sál, auðgi mannlífið eða stuðli að því að vernda náttúruna, svo eitthvað sé nefnt.

Sparkvællir handa ungum knattspyrnuíðkendum hafa til dæmis tvímælalaust forvarnargildi en við styrkjum jafnframt keppnisíþróttir af því að æskan þarf líka að hafa fyrirmyndir og markmið að keppa að.

Blómleg menning auðgar mannlífið og samfélagið væri fátækara án Íslensku óperunnar.

Samstarfið um Þjóð gegn þunglyndi er dæmi um brýnt verkefni sem við erum stolt af að taka þátt í.

Prekhjól á Reykjalundi, Alþjóðahúsið og framkvæmdir til að greiða leið að Dimmuborgum og verja jafnframt þessa dýrmætu náttúruverlu. Allt eru þetta verkefni sem VÍS hefur að vandlega athuguðu máli ákveðið að taka þátt í. Við vöndum valið, látum okkur varða hvernig fjármunum okkar er varið og látum í ljós óskir þar að lútandi. Það er líka í samræmi við þá samfélagsábyrgð sem við höfum og viljum hafa.

Finnur Ingólfsson,
forstjóri VÍS

Útgefandi: Vátryggingarfélag Íslands hf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Ásgeir Baldurs

Umsjón, hönnun og umbrot: Athygli

Hönnun og umbrot forsiðu: Fiton

Ljósmyndir: Vigfús Birgisson, Hreinn Magnússon, Atli Rúnar Halldórsson, Gunnar E. Kvaran, Jóhann Ísberg, Óskar Þór Halldórsson og fleiri
Prentun: Oddi



Finnur Ingólfsson, forstjóri, prófar nýtt þrekþjálfunarhjól. Með honum á myndinni eru sjúkráþjálfnar Mundína Kristinsdóttir og Hlíf Garðarsdóttir sem tóku við gjöf VÍS fyrir hönd Reykjalundar.

Prekhjól á Reykjalund

„Gjöf VÍS er höfðingleg og mun nýtast vel þeim hjarta- og lungna-sjúklingum sem koma hingað til þjálfunar,“ sagði Jón M. Benediktsson, framkvæmdastjóri Reykjalundar, þegar hann tók við gjafabréfi úr hendi Finns Ingólfssonar, forstjóra VÍS, vegna sex

þrekþjálfunarhjóna. Athöfnin átti sér stað í nýju þjálfunarhúsi á Reykjalundi. Finnur sagði að VÍS vildi með gjöfinni sýna í verki hugfélagsins til starfsmanna sem væri samfélaginu afar mikilvæg. „Það var vissulega tími til kominn að endurnýja þrekþjálfunarhjólin

okkar en við höfum ekki úr miklu að spila, ekki síst nú um stundir þegar bygging þjálfunarhússins hefur gengið nærri fjárhag SÍBS. Þess vegna erum við afar þakklát VÍS fyrir góðar gjafir og hlýhug,“ sagði framkvæmdastjóri Reykjalundar.



Framkvæmdir við Dimmuborgir

VÍS hefur samið um að létta undir með Landgræðslunni vegna framkvæmda við Dimmuborgir í Mývatnssveit. Ætlunin er að hlaða grjóttveggi og malbika göngustíga til að auðvelda gestum að komast niður í Borgimar en verja jafnframt viðkvæman gróður og hraunmyndanir ágangi. Samráðsnefnd Landgræðslunnar, Náttúruverndar ríkisins, Umhverfisstofnunar og Skútustaðahrepps hefur yfirumsjón með framkvæmdum. Alls koma nær 100 þúsund gestir árlega í Dimmuborgir og þeim fjölgar stöðugt. Þetta er einstök náttúruverla sem var í mikilli hættu vegna sandfoks. Fokið tókst að hefta með uppgræðslu og þar með var Dimmuborgum bjargað frá eyðileggingu. Eins gott að það tókst því ella hefðu jólasveinar misst þar skjól fyrir veðri og vindum. Ferðapjónustuaðilar í Mývatnssveit og Flugleiðir kynna Borgimar nefnilega ótullega sem heimkynni jólasveina og þar með má segja að VÍS stuðli ekki aðeins að því að verja perluna Dimmuborgir heldur halda jafnframt sjálfu jólasveinalandinu áfram í blómlegri byggð.

Tímamót í þjónustu við innflytjendur



„Samningurinn er okkur mikils virði því hann markar tímamót í þjónustu við fólk af erlendum uppruna,“ segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, um samning við VÍS um að efla þjónustu við innflytjendur.



Einar Skúlason,
framkvæmdastjóri
Alþjóðahússins.

Einar telur að VÍS hafi tekið frumkvæði meðal íslenskra fyrirtækja og skilgreint þennan hóp sem markhóp sem þurfi að sinna betur. „Það felst í því ákveðin viðurkenning og virðing við innflytjendur að taka þetta skref og við vonum að önnur fyrirtæki fylgi í kjölfarið.“

Markmið samningsins er að tryggja að innflytjendur njóti sömu þjónustu og aðrir landsmenn þegar kemur að tryggingum. Haldin verða þjónustunámскеið fyrir starfsmenn VÍS, sem miða að því að upplýsa og skýra mismunandi menningarheima, og þjálfva þá í samskiptum við fólk af ólíkum uppruna. VÍS mun

einnig tilnefna sérstakan trúnaðarmann innflytjenda sem fær þjálfun í Alþjóðahúsi um málefni innflytjenda. Hlutverk trúnaðarmannsins verður að leiðbeina útlendingum og starfsmönnum VÍS og hann verður í beinu sambandi við Alþjóðahúsið þegar á þarf að halda. Þá munu sérfræðingar VÍS verða Alþjóðahúsi innan handar um miðlun upplýsinga til innflytjenda um tryggingamál. Samið hefur verið um að kynningarbæklingar frá VÍS verði þýddir á nokkur tungumál í þýðingapjónustu Alþjóðahússins en á vegum þess eru nú starfandi um 200 túlkar sem túlka yfir á 50 tungumál.

„Kjarninn í þessu samstarfi er að við aðstoðum VÍS við að bæta þjónustu við fólk af erlendum uppruna. Þetta er stækkandi hópur sem leitar, eins og aðrir, þangað sem þjónustan er best. Um leið og það er okkar hægur að innflytjendur njóti jafngóðrar þjónustu og aðrir landsmenn eru það hagsmunir VÍS að laða til sín fleiri viðskiptavini. Þannig hafa báðir aðilar hag af þessu samstarfi,“ sagði Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins.



Þær skemmtu sér vel þessar glæsilegu konur sem hér ræða við Dorrit Moussaieff, forsetafrú, á fyrstu þjóðahátíðinni sem Alþjóðahús efndi til í samstarfi við VÍS fyrir á árinu.

VÍS styrkir sparkvallaátak KSÍ

VÍS styður Knattspyrnusamband Íslands í því að búa til sparkvelli fyrir börn og unglinga víðs vegar um land. Samningur þar að lútandi kveður á um alls 12,5 milljóna króna framlag VÍS til verkefnisins á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir að KSÍ vinni að verkefninu í samstarfi við sveitarfélög landsins og leggi til fyrsta flokks gervigras á sparkvelli sem verða til eftir leiðbeiningum frá sambandinu. Ætla má að hver völlum kosti 8-13 milljónir króna, allt eftir því hve umfangsmikil jarðvegsvinnan er. KSÍ vonast til að hægt verði að fjármagna allt að 40 velli með sameiginlegu átaki sveitarfélaganna, fjárveitingavaldsins (Alþing-

is), KSÍ, Knattspyrnusambands Evrópu og fyrirtækja sem leggja málinu lið (Eimskip, KB banki, OLÍS og VÍS). Allt að 15 velli verði tilbúnir núna í sumar.

KSÍ-sparkvöllur er lítill knattspyrnuvöllur, 18 metra breiður og 33 metra langur, ætlaður til leiks og keppni fyrir börn og unglinga með leikskipulaginu 5 á móti 5.

Völlurinn skal lagður fyrsta flokks gervigrasi, hann skal girtur af með viðargirðingu, sem virkar sem batti, og mörkin skulu falla inn í girðinguna. Nauðsynlegt er að völlum sé upplýstur og helst upphitaður til að nýta megi hann árið um kring.



Eyjólfur Sverrisson.



Á Shellmóti í Eyjum sumarið 2003.



60 völlum úthlutað

Sveitarstjórnarmenn sýna sparkvallaátaki KSÍ mikinn áhuga sem sést best á því að sambandinu barst 101 umsókn frá 59 sveitarfélögum um að byggja sparkvöll á næstu tveimur árum. KSÍ ákvað síðan að úthluta 60 sparkvöllum til sveitarfélaga víðs vegar um land, þar af átta í Reykjavík, þremur í Kópavogi og Hafnarfirði og tveimur á Akureyri.

„Viðbrögðin eru gríðarmikil og góð eins og við áttum reyndar von á,“ segir Eyjólfur Sverrisson, umsjónarmaður sparkvalla-

verkefnis KSÍ. „Sparkvellir eru algengir um alla Evrópu og geysilega vinsælir. Við viljum líka veita krökkum hér á landi aðgang að slíkum völlum svo þau fái tækifæri til að þroskast þar í leik í góðum og heilbrigðum félagskap. Sparkvöllur er þannig hannaður að boltinn er alltaf í leik með tilheyrandi hreyfingu. Mörkin eru innfeld í vegg og battarnir eru í raun meðspilarar í þríhyrningsspili. Sparkvöllur með gervigrasi gefur mýkt og hliðstæða eiginleika og venjulegt gras.“

Metmánuður í bílalanum

Mars 2004 var metmánuður í bílalanum hjá VÍS frá því félagið hóf að lána til bílakaupa á árinu 1994. Lánin hafa aldrei verið fleiri og heildarupphæð lána aldrei verið hærri í einum mánuði. Sigurbjörn Gunnarsson, framkvæmdastjóri fjármálaþjónustu VÍS, segir að þennan fjórkipt megi tvímælalaust rekja til yfirlýsingar félagsins 21. febrúar 2004: „Við hækkuðum þá lánshlutfall

verulega og lækkuðum jafnframt vexti lánanna til að auðvelda fólki að eignast bíl. Þetta kunnur menn greinilega að meta og við urðum varir við aukna eftirspurn þegar í stað.“

Hámarksbílalán VÍS hækkaði í 100% af kaupverði og vextir bæði óverðtryggðra og verðtryggðra bílálana félagsins lækkuðu. „Það er greinilegur vöxtur í bílasölu. Ýmsir kjósa að taka bíla

á einkaleigu eða rekstrarleigu en aðrir vilja frekar eiga bílana sína sjálfir. Við vildum einfaldlega veita síðarnefnda hópnum meiri og betri lánafyrirgreiðslu en kostur var á áður,“ segir Sigurbjörn. „Rekstrarleiga er fjármögnuð í erlendri mynt og menn taka þar ákveðna gengisáhættu. Gengisvæðing myndu hins vegar engin áhrif hafa á afborganir bílálana.“



Bílbeltasleði slær í gegn

Bílbeltasleði VÍS vekur eftirtekt hvar sem hann er sýndur og hlýtur einróma lof þeirra sem prófa. Ekki svo að öllum þyki það endilega þægileg tilfinning að „aka á vegg“ á 20 km hraða en vís er að farþegarnir á sleðanum fá glögga hugmynd um högginn sem ökutæki fá í árekstri. Þeir skynja jafnframt öryggið sem bílbeltin veita bílstjóra og farþegum.

Einungis 10 bílbeltasleðar eru til í Evrópu og VÍS keypti einn þeirra til að nota í forvarnastarfi um land allt. Á sleðanum eru tvö bílsæti sem rennt er niður hallandi braut og stöðvast með höggi. Sleðinn er á 8 metra langri kerru sem unnt er að draga hvert

sem er aftan í bíl. Tækið er rafdrifið.

Öryggissjóður Formula 1 (FIA Foundation) fékk í sinn hlut ágóða af Formula 1 kappakstrinum til að þróa bílbeltasleðann. Sleðinn er framlag sjóðsins til baráttunnar fyrir því að fá fólk til að nota bílbelti í tilefni af alþjóðlegu umferðaröryggisári sem hófst 7. apríl, á alþjóðlegum degi umferðaröryggis. Öryggissjóður Formula 1 rifjaði jafnframt upp þá óhugnanlegu staðreynd að álíka margir farast í umferðinni á degi hverjum í veröldinni og létu lífið í árásinni á World Trade Centre í New York 11. september 2001! Úr þeim mannfornum má draga með bílbeltanotkun.

ND á Íslandi

VÍS mælir með SAGA ökuritanum

VÍS og ND á Íslandi ehf. hafa gert með sér samstarfssamning um kynningu og sölu á SAGA ökuritum, tæknibúnaði sem gerir t.d. stjórnendum fyrirtækja og stofnana kleift að fylgjast með aksturslagi og meðferð ökutækja á þeirra vegum. SAGA ökuritar eru nú þegar notaðir í um 300 bílum á vegum 30 fyrirtækja og stofnana á Íslandi og reynslan af tækinu er allrar athygli verð. Óhöppum í umferðinni fækkar verulega og góðakstur sparar eigendum bílanna mikla fjármuni við það að eldsneytisnotkun dregst saman, hjólbarðar slitna minna en ella og viðhaldskostnaður bílaflota fyrirtækjanna minnkar svo um munar.



Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS og Magnús Friðgeirsson, stjórnarformaður ND á Íslandi.

- VÍS býður þeim viðskiptavinum sérkjör sem taka í notkun SAGA ökurita og sýna fram á hagstæða tjónasögu.
- ND á Íslandi býður viðskiptavinum VÍS sérkjör á ökuritum og tilheyrandi þjónustu.

Ökuritinn er fyrirferðarlítið, alsjálfvirkt tæki sem er eingöngu tengt við 12V rafkerfi bíls. Það skráir og sendir margvíslegar upplýsingar úr innbyggðum GSM síma til gagnabanka stjórnstöðvar ND í Reykjavík. Notandi (t.d. ráðamaður viðkomandi fyrirtækis sem gerir út bílana) getur nálgast upplýsingar í gagnabankanum á Vefnum og

fengið skýrslu um akstur dagsins eða á lengra tímabili. Kerfið skráir nákvæmlega akstursleið viðkomandi og ökuhraða, það sýnir hvar og hvenær ekið er yfir hámarks- hraða eða gefið er snögg og ótæpilega í, hemað harkalega eða farið glannalega í beygjur.

VÍS telur að SAGA ökuritinn stuðli tvímælalaust að ábyrgari

akstri með jákvæðu aðhaldi og auki þar með öryggi í umferðinni. Notkun tækisins geti jafnframt dregið verulega úr rekstrarkostnaði og aukið nýtingu bíla fyrirtækja og stofnana. Síðast en ekki síst má ætla að það skapi fyrirtækjum góða ímynd ef þau ákveða að taka sér tak og vera öðrum til fyrirmyndar í umferðinni.


SAGA ökuritinn sannar sig hjá Strætó



„Við höfum haft SAGA ökurita til reynslu í 10 strætisvögnum í rúmlega eitt ár. Það gaf svo góða raun að við ákváðum að semja um samstarf við ND á Íslandi og setja ökurita í 40 af alls 70 vögnum sem eru í notkun í 18 klukkustundir á sólarhring. Alls eru 100 bílar í flota fyrirtækisins og helst vildi ég setja ökurita í þá alla,“ segir Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó. Hann telur notkun ökuritans tvímælalaust hafa haft góð og margþætt áhrif í starfsemi.

„Við fengum fulltrúa ND á Íslandi til að koma á starfsmannafund og kynna ökuritann og notkun hans. Ýmsum eðlilegum efasemdum bílstjóranna var þar eytt og þeir hafa síðan séð að ökuritinn sýndi okkur stjórnendum og þeim sjálfum að sumar tímaáætlanir voru ekki raunhæfar. Ekki reyndist möglegt að halda tímaáætlun og virða um leið reglur um hámarkshraða. Við förum yfir útskrift úr ökuritanum með bílstjórnum á jákvæðum nótum og lítum á þetta sem leiðbeinandi þátt í starfsemi en ekki refsingu. Þetta á einfaldlega

að stuðla að því að veita enn betri þjónustu. Ég er ekki í neinum vafa um að ökuritinn hefur þau áhrif að bílstjórar vanda sig meira og finna til enn meiri ábyrgðartilfinningar í akstrinum. Betra aksturslag skilar sér svo strax í beinhörðum krónum sem sparast í útgjöldum fyrirtækisins. Tjónum fækkar og viðhaldskostnaður minnkar. Auðvitað er ekki hægt að sanna það að allt sé SAGA ökuritanum að þakka en ég er sannfærður um að þetta tæki á stærstan hluta af þeim heiðri!“ segir framkvæmdastjóri Strætó.



ÖRYGGISVÖRUTILBOÐ

Í Öryggisverslun VÍS á www.vis.is

Betri kjör og frí heimsending fyrir viðskiptavinum VÍS

Öryggisverslun VÍS selur margs konar vörur sem tengjast forvörnum og öryggi heimila og einstaklinga. VÍS hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á hvers konar forvarnir og í öryggisversluninni fæst nauðsynlegur forvarnarbúnaður á mjög hagstæðum kjörum. Viðskiptavinir geta keypt vörurnar í vefverslun VÍS á slóðinni www.vis.is og fengið þær sendar heim að dyrum sér að kostnaðarlausu. Einnig er hægt að panta vörur úr öryggisversluninni á þjónustuskrifstofum VÍS eða í síma 560 5000 milli klukkan 8 og 19.

Tilboðin gilda til 1. ágúst 2004.

Gasskynjari 12 volt

Gasskynjari fyrir 12 volta straum, t.d. til notkunar í sumarhúsum, húsbílum, tjaldvögnum og víðar. Er með útbúnað sem getur stjórnað rafstýrðum gasloka og lokað fyrir gasið.

Þessu tilboði fylgir jónískur reykskynjari.

Venjulegt verð: 6.990 kr.

■ VÍS verð: 5.690 kr.



Duftsökkvitæki 6 kg

Öflugt duftsökkvitæki sem hentar vel fyrir allar tegundir elds - hvort heldur um er að ræða eld í rafmagnstækjum, föstum efnum eða eldfimur vökvum. Duftsökkvitæki hentar vel á heimilinu, í sumarbústaðnum, bátnum eða bílnum.

Þessu tilboði fylgir jónískur reykskynjari.

Venjulegt verð: 7.850 kr.

■ VÍS verð: 4.965 kr.



Heimagæsla - Öryggiskerfi



Þráðlaust öryggiskerfi fyrir heimili, sem er tengt Öryggismiðstöð Íslands allan sólarhringinn. Grunnkerfið samanstendur af eftirfarandi búnaði:

- Stjórnstöð
- Hurðarrofa
- Hreyfiskynjara
- Fjarstýringu
- Reykskynjara
- Vatnsskynjara

Ókeypis ráðgjöf um uppsetningu. Enginn stofnkostnaður og enginn uppsetningarkostnaður.

Venjulegt verð: 4.986 kr.

■ VÍS verð: 4.200 kr.

Björgunarstigi 4 metrar



Handhægur björgunarstigi til björgunar af efri hæð í eldsvoða. Þrepin eru úr áli og eru fest í sterkan stálvír. Stiganum er komið fyrir með veggfestingu sem fylgir með, auk notkunarleiðbeininga.

Þessu tilboði fylgir jónískur reykskynjari.

Venjulegt verð: 7.494 kr.

■ VÍS verð: 5.985 kr.



Peningaskápur - Öryggishólf

Traustur 15,1 lítra stálskápur. Hægt að bolta við vegg eða gólf. Rafeindastýrður talnalás með lykli. Stærð: hæð 27 cm, breidd 35 cm, dýpt 27 cm. Þyngd 21 kg.

Þessu tilboði fylgja tveir jónískir reykskynjarar.

Venjulegt verð: 16.750 kr.

■ VÍS verð: 15.530 kr.



Lyfjaskápur

Járnskápur með lykjalæsing. Stærð: breidd 30 cm, hæð 39 cm, dýpt 12 cm. Ein hilla er í skápnum. Hentar á heimilið, vinnustaðinn og í sumarbústaðinn.

Þessu tilboði fylgja tveir jónískir reykskynjarar.

Venjulegt verð: 9.275 kr.

■ VÍS verð: 6.960 kr.



Öryggisverslun VÍS er rekin í samstarfi við Öryggismiðstöð Íslands



þar sem tryggingar snúast um fólk

Vátryggingafélag Íslands · Ármúla 3 · 108 Reykjavík · Þjónustuver 560 5000 · www.vis.is

VÍS-AGRIA dýravernd

Sterk viðbrögð

„Viðbrögðin voru greinileg og sterk eftir að við kynntum dýraverndina um mánaðamótin febrúar/mars. Dýraeigendur höfðu beðið eftir þessu; við fundum vel þörf fyrir tryggingarnar. Hrossaeigendur tóku vel við sér, einkum eigendur stóðhesta og keppnishesta en einnig eigendur hreinræktaðra hunda,“ segir Rúnar Þór Guðbrandsson, svæðisstjóri AGRIA á Íslandi.

Dýravernd VÍS-AGRIA vakti mikla athygli þegar byrjað var að kynna þær og selja á fjölskylduhátíð VÍS í Reiðhöllinni í Viðidal. Öflugu kynningarstarfi verður fram haldið af krafti. Rúnar Þór var til dæmis gestur á aðalfundi Dýra-

læknafélags Íslands og fjallaði um málið. Þá efnir VÍS til umfangsmikillar kynningar dýratrygginga á landsmóti hestamanna á Hellu í sumar svo dæmi séu tekin.

VÍS leggur mikið upp úr nánu samstarfi við dýralækna og ýmis félög sem tengjast dýrum og dýrahaldi. Þetta samstarf er reyndar formgert í fagræði sem félagið setti á laggir vegna dýratrygginganna. Í því sitja fulltrúar Dýralæknafélags Íslands, Landssambands hestamannafélaga, Félags tamningamanna, Hundaræktarfélags Íslands og Kynjakatta (kattaræktarfélags). Í fagræði sitja og fulltrúar VÍS, hrossaræktarráðunautur Íslands og ráðgefandi dýralæknar

félagsins, Björgvin Þórisson og Páll Stefánsson.

Fagræð VÍS fór til Svíþjóðar í vetur að kynna sér starfsemi AGRIA og fékk þar staðfest hve mikið tryggingar geta gert fyrir dýrahald á markaðssvæði sínu. Gestirnir heimsóttu meðal annars dýraspítala, þann stærsta sinnar tegundar í Evrópu. Þangað koma mörg dýr sem félagið tryggir og fá bestu lækniþjónustu og umönnun sem völ er á. Mikið er lagt upp úr sjúkraþjálfun og endurhæfingu og íslensku gestirnir urðu meðal annars vitni að endurhæfingu hunds í sundlaug. Hvutti var að ná sér á strík eftir að hafa orðið fyrir bíl.



Rúnar Þór Guðbrandsson, svæðisstjóri AGRIA á Íslandi.



Golden Retriever hundur fær sjúkraþjálfun eftir bílslys í endurhæfingarstöð AGRIA í Svíþjóð.



Fólk, líf og fjör á fjölskylduhátíð VÍS í Viðidal.



Ódýrara að tryggja dýr en þú heldur

„Ég hélt að þetta kostaði miklu meira!“ eru algeng viðbrögð fólks sem leitar upplýsinga um dýratryggingar VÍS-AGRIA. Það heldur að þessar tryggingar séu dýrari en raun ber vitni um. Fáein dæmi skulu hér tekin sem sýna ársiðgjald tiltekinna trygginga.

Hross – sjúkrakostnaðartrygging	6.778 kr.
Hross, verðmæti 500.000 krónur – takmörkuð líftrygging	4.850 kr.
Íslenskur fjárhundur – sjúkrakostnaðartrygging	2.982 kr.
Íslenskur fjárhundur, verðmæti 100.000 krónur – líftrygging	2.600 kr.
Köttur – sjúkrakostnaðartrygging	1.843 kr.
Köttur – líftrygging	2.560 kr.



„Við hjá AGRIA erum afar spennt fyrir að starfa með VÍS á Íslandi og teljum okkur hafa umtalsverða reynslu og þekkingu á þörfum íslensks markaðar eftir farsælt samstarf við þúsundir eigenda íslenskra hesta í Svíþjóð,“ segir Pekka Olson, framkvæmdastjóri alþjóðaviðskipta sænska dýratryggingafélagsins AGRIA. Hann kom hingað til lands og var viðstaddur kynningu á samstarfi VÍS og AGRIA.



Íslenski hesturinn í hávegum hafður

Það eru sannarlega tíðindi að þetta aldargamla félag, eitt hið stærsta og virtasta á sínu sviði í veröldinni, skuli efna til samstarfs við VÍS um starfsemi á Íslandi. Í Svíþjóð eru mun fleiri dýr tryggð en þekktist annars staðar og hlutdeild AGRIA á dýratryggingamarkaðinum þar er um 63%. Pekka Olson segir að kattatryggingar aukist hlutfallslega mest hjá AGRIA í Svíþjóð. Um 15% katta þar í landinu séu „viðskiptavinir“ félagsins, þriðjungur hunda og helmingur allra hesta.

Í Svíþjóð er litið á tryggingu

nánast sem sjálfsgöðan þátt í umönnun dýra. Eigendur tryggðra dýra fara jafnan betur með þau og sýna meiri ábyrgð gagnvart dýrahaldinu en ella. Ef eitthvað kemur svo upp á getur dýralæknakostnaður og umönnun sjúkra dýra tekið í budduna og þá er gott að njóta tryggingaverndar. AGRIA er með dýralækna á sínum vegum og öflugasta gagnabanka um dýr og dýrahald sem til er í Svíþjóð. Almennur og fjölmiðlar hafa greiðan aðgang að sérfræðingum félagsins um hvaðeina sem varðar dýr, dýrasjúkdóma og umönnun

dýra. AGRIA er þannig miklu meira en tryggingafélag. Það er í reynd velferðarskjaldborg sem reist er um dýrin stór og smá.

Olson segir að á Íslandi séu allt að 80.000 hestar og um 8.000 hundar, nánast allt ótryggð dýr. Akurinn í þessum efnun sé því óþægður og þar komi til kasta VÍS og AGRIA. Þá er nærtækt að nefna að íslenski hesturinn er í hávegum hafður hjá AGRIA. Félagið tryggir hvorki fleiri né færri en 10.000 íslenska hesta af alls 15.000 sem til eru í Svíþjóð. Auk þess hafa nokkrir tugir íslenskra hestamanna hér-



Pekka Olson.

lendis keypt tryggingar hjá AGRIA undanfarin ár og viðskipti þeirra færast nú til VÍS-AGRIA.

„Samstarfið við VÍS mun gagnast til dæmis sænskum kaupendum hesta frá Íslandi. Nýi eigandinn getur tryggt hestinn strax hér og notið tryggingaverndar í flutningnum til Svíþjóðar. Ef ætlunin er að láta temja og þjálfa hestinn hérlandis fyrir Svíþjóðarferðina er ráðlegt að kaupa tryggingu. Það er mun öruggara, bæði fyrir nýjan eiganda og þann sem hefur hestinn í tamningu eftir eigendaskiptin,“ segir Pekka Olson.

Slys ótryggðs dýrs getur kostað eigandann fúlgur fjár



Þorvaldur Þórðarson og Pongó.

„Við sem störfum við dýralækningar þekktum til AGRIA vegna trygginga á hestum sem seldir voru héðan til Svíþjóðar. En þegar betur er að gáð kemur í ljós að þetta fyrirtæki er öllu meira en tryggingafélag. Það starfar á grundvelli hugmyndafræði dýraverndar í víðasta skilningi og mér finnst mikill ávinningur af því að VÍS og AGRIA hafi tekið höndum saman um að kynna þessa grunn-

hugsun hérlandis, auk þess að selja sjálfar dýratryggingarnar,“ segir Þorvaldur Þórðarson, formaður Dýralæknafélags Íslands og einn af eigendum dýraspítalans í Víðidal. Þorvaldur situr í fagraði VÍS fyrir hönd félags síns og tók þátt í Svíþjóðarferð í vetur til að kynna betur starfi AGRIA. Auðheyrt er að honum þótti mikil koma til þess sem hann sá þar og heyrði.

Gæti kallað á fleiri og flóknari aðgerðir

„Eigendur tryggðra dýra sýna þeim jafnan meiri umhyggju en ella og ef til dæmis dýr veikjast alvarlega eða verða fyrir slysi lendir fólk ekki í fjárútlátum vegna læknaaðstoðar og umönnunar í líkingu við það sem gerist með ótryggð dýr. Líklegt er að dýralæknar á Íslandi muni verða varir við breytingar í starfsumhverfi

sínu þegar dýratryggingar verða orðnar útbreiddar hér og þá til dæmis á þann hátt að kallað verði eftir sérhæfðari og flóknari læknaaðgerðum á dýrum en nú þekktist. Sömuleiðis má ætla að lagt verði meira í sjúkrabjálfun og endurhæfingu dýra eftir veikindi og slys. Menn gera sér oft ekki grein fyrir því fyrr en á reynir að lækni- og lyfjakostnaður getur hlaupið á tugum þúsunda króna

ef til dæmis ekið er á hund og hann slasast. Fjárhagslegur skaði getur hlaupið á hundruðum þúsunda og enn hærra upphæðum ef hestar eiga í hlut. Tilfinningatjónið verður auðvitað ekki bætt en fjárhagstjón og útgjöld fá menn bætt úr dýratryggingunni.“

Anna Ingólfssdóttir deilir reynslu sinni og starfskröftum í þágu ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein

Eftir Ragnheiði Davíðsdóttur

Af og til hittum við fyrir fólk á lífsleiðinni sem sker sig úr fjöldanum; fólk sem veitir okkur hinum trú á jákvæð mannleg gildi, bjartsýni og lífsgleði. Anna Ingólfssdóttir er ein þeirra. Árið 1996 greindist eiginmaður hennar, Árni Margeirsson, með krabbamein og lést um sjö mánuðum síðar. Hann var 39 ára gamall og þá stóð Anna uppi ung ekkja með þrjár dætur þeirra hjóna, 4, 6 og 12 ára. Þrátt fyrir þetta áfall ákvað hún að takast á við lífið og sorgina með dætrum sínum við gjörbreyttar aðstæður, enda segir hún ekkert annað vera í boði. Nú, tæpum sjö árum síðar, hefur hún flutt búferlum landsmanna á milli, menntað sig og er nýbyrjuð í hlutastarfi hjá Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, og aðstandenda. Anna og Árni voru skynsöm því þau höfðu keypt sjúkra- og líftryggingar hjá VÍS sem áttu eftir að léttu mjög fjárhagslegu álagi af fjölskyldunni þegar bætur fengust greiddar á erfiðum tímum veikinda og andláts.

Fjölskyldan bjó á Egilsstöðum þegar Árni greindist með sjúkdóminn. Hann var þá grafiskur hönnuður á auglýsingastofu sem þau hjónin ráku. „Árið 1995 greindist Árni með glútenóþol sem hafði veruleg áhrif á heilsufar hans. Hann hafði grennst mikið, efnaskipti líkamans voru úr jafnvægi og fyrsta læknisgreining var glútenóþol,“ segir Anna um aðdraganda þess sem síðar átti eftir að koma á daginn. „Hann var með sífelld óþægindi og kvalir í maga

sem við höldum að stöfuðu af glútenóþolinu. Í nóvember 1996 veiktist hann hastarlega og gekkst undir kviðarholsaðgerð. Greiningin kom þremur dögum síðar. Illkynja æxli í smágirni sem kallað var sogæðaæxli. Við tók erfið lyfjameðferð sem náði ekki að vinna á meininu. Aftur veiktist hann og fór í sams konar aðgerð. Hann komst ekki til heilsu eftir það og gat ekki lokið lyfjameðferðinni. Þá varð ljóst hvert stefndi og hann lést sjö mánuðum eftir greiningu.“

Orti ljó um lífsvilja, von og dauða

Anna segir það mikið áfall að greinast með krabbamein, bæði fyrir sjúklinginn sjálfan og alla fjölskylduna. „Orðið sjálft, krabbamein, vekur ótta og þá setur maður umsvifalaust lífið á vogarskálar. Baráttan var hörð, bæði við meinið og aukaverkanir lyfjanna en einn af mannkostum Árna var jákvætt lífsviðhorf. Hann hélt bæði ró og reisu fram á síðasta dag. Við sögðum dætrum okkar strax frá alvöru sjúkdómsins með vonina að leiðarljósi og þegar okkur varð ljóst hvert stefndi sögðum við þeim líka frá því. Við slíkar aðstæður er vanmátturinn algengur og maður hefur enga stjórn á aðstæðum. Við ræddum um dauðann, Árni orti ljóð um lífsviljan, vonina og dauðann og hvernig hann þræði að lifa og standa við hlið dætra sinna á merkisdögum í lífi þeirra. Hann ræddi um hvernig hann skynjaði að lífið væri að styt-

ast, um óskir sínar varðandi útför og grafreit og hversu sárlega hann tók nærri sér að þurfa að skilja okkur stelpurnar eftir.“

Stuðningur fólksins á Egilsstöðum

Eftir lát Árna, og að lokinni útförinni, segist Anna hafa fyllst tómléika og fundið hve mikil og yfirþyrmandi sorgin var á köflum. „Samt var eins og öllu þessu fylgdi aukinn styrkur. Eftir að Árni dó var eins og fótunum væri kippt undan mér. Ég sat ein eftir með draumana okkar beggja sem aldrei áttu eftir að rætast. Ég fór oft í gönguferðir og í einni skógar-göngunni hugsaði ég með mér að það versta sem gæti gerst væri ef ég yrði ekki fær um að annast dætur okkar. Á þeirri stundu var eins og hvíslað væri að mér þessum orðum: „Ef þú vilt gera eitthvað fyrir þær, gerðu þá eitthvað fyrir sjálfa þig.“ Á þessu augnabliki varð mér ljóst að foreldrar eru

sterkustu fyrirmyndir sem börn eiga og því eru foreldrar í raun verðmætasta fólk á jörðinni. Ég skildi þá að dætur mínar myndu meta mig meira af því sem ég geri heldur en af því sem ég segi. Þá ákvað ég að ég yrði að gera eitthvað með líf mitt til þess að þær myndu síðar gera eitthvað með líf sitt. Það hjálpaði mikið að fjölskyldur okkar stóðu þétt við bakið á okkur og samfélagið á Egilsstöðum varð fjölskylda okkar á staðnum. Allir stóðu í hnapp í kringum okkur. Fólk þar stóð fyrir fjárförum sem gerði mér kleift að verja einu ári heima og vinna úr sorginni. Þetta tækifæri vil ég nota til að þakka fjölskyldum, vinum og íbúum Egilsstaða fyrir allan stuðninginn þá og nú. Ennfremur vil ég þakka þeim óþekktu velunnara mínum sem lagði 15.000 krónur inn á bankareikning minn hálfu öðru ári eftir að Árni dó. Það er gott til þess að vita að til er fólk sem hefur hugsjónir, er laust við græðgi og er tilbúið til þess að

gefa án þess að þurfa að láta þakka sér fyrir.“

Tryggingarnar sönnuðu gildi sitt

„Við vorum heppin að vera vel tryggð hjá VÍS, með slysa- og sjúkratryggingu og líftryggingu. En það var ekki eingöngu heppni því auðvitað ákváðum við sjálf á ákveðnum tímum að kaupa þessar tryggingar. Sú fyrirhyggja átti eftir að reynast okkur vel í veikindunum og að vera með líftryggingu varð til þess bjarga algjörlega fjárhagnum,“ segir Anna. Hún bætir við að tveimur vikum áður en Árni greindist með krabbameinið hafi söluaður frá öðru tryggingafélagi heimsótt þau hjón með tilboð um tryggingar og flutning á milli félaga. „Við þáðum ekki boðið. Síðar sagði mér þessi sami söluaður að ef við hefðum þegið tilboðið þá hefðum við að líkindum engar bætur fengið. Við vildum hins vegar ekki skipta um



Krafti kraft



tryggingafélag. Starfsfólk VÍS á Egilsstöðum var einstaklega almennilegt og hugulsamt og vildi allt fyrir okkur gera," segir Anna, og getur þess að vissulega hafi það kostað sitt að greiða iðgjöldin af þessum tryggingum, sérstaklega sjúkratryggingunni. „Það kom þó aldrei annað til greina hjá okkur en að vera vel tryggð, enda vorum við sjálfstæðir atvinnurekendur. Reynslan sýnir að einyrkjar og fólk í smáum rekstri er oft ekki með trygginga- og lífeyrismál sín á hreinu. En þessar tryggingar áttu eftir að sanna gildi sitt.“

Jóganám í Bandaríkjunum

Þrátt fyrir sorgina var vonleysið ekki lengi við völd í lífi Önnu. „Áföll draga upp eldri áföll og kalla á uppgjör að vissu leyti,“ segir hún íbygginn. „Það er hverri manneskju hollt að skoða líf sitt, að líta um öxl og horfa svo fram á veginn. Að vera fyrirmynd dætra minna var mér mikilvægast af

öllu og til að kenna þeim hugrekki og traust á lífinu varð ég að sýna hugrekki og treysta sjálf bæði fólkinu og lífinu. Ég ákvað því að fara í nám í jógafræðum til Bandaríkjanna. Ég hafði stundað jóga í nokkur ár og í veikindum Árna fann ég hversu mikið það

hjálpaði mér að halda ró og jafnvægi. Og ég fann það glöggst í sorginni að eina leiðin út var að fara í gegn. Ef maður reynir að flýja af hólmi er hætt við að maður villist af leið og stundum getur verið erfitt að snúa til baka. Þá geta gremja og biturleiki tekið



„Tárin hjálpuðu mér að skola út og gerðu lífið bærilegra dag frá degi“

völdin og saman eru þau eru ekki góður stjórnandi. Við höldum oft að við getum hlaupið úr einu í annað, gleymum því að við þurfum að hugsa eins og bóndinn sem gefur jarðveginum tíma til þess að jafna sig og anda eftir uppskeru. Þegar jörðin er tilbúin á ný er hún plægð fyrir sáningu. Ég held að sömu lögmál gildi um áföllin í lífi okkar. Við þurfum að jafna okkur. Sorgin tók sinn tíma fyrir mig. Ég leyfði mér að gráta því ég leit á tárin sem tungumálið sem ég þyrfti að tala á þessu tímabili. Tárin hjálpuðu mér að skola út og gerðu lífið bærilegra dag frá degi. En þó að ég sé að segja þessa sögu hér þá er hún mín og ekki þar með sagt að dætur mínar hafi fylgt mér í sorginni. Börn upplifa sína sorg og þau fara í gegnum hana á sínum tíma. Foreldrar geta ekki stjórnað því hvernig það ferli er eða hvenær það gerist.

Aðdáunarverður kraftur í Krafti

Eftir að Anna fékk jógakennara-rettindi lét hún ekki staðar numið í þekkingarleitinni heldur ákvað að láta gamlan draum rætast. Hún lærði bókmenntir og ritlist í fjar-námi við Vermont College í Bandaríkjunum og lauk þaðan BA prófi árið 2002. Í febrúar 2004 réð Anna sig í hlutastarf á skrifstofu Krafts. Hún vissi ekki að starfið væri hjá Krafti þegar hún lagði inn umsókn. „Það kom mér skemmtilega á óvart,“ segir hún. „Reyndar trúi ég því að starfið hafi beðið eftir mér og ég hafi verið látin biða eftir starfinu. Ég nýt vissulega reynslu minnar hér og vonast til að vera sá starfskraftur sem félagið þarf á að halda. Það er vissulega skritin tilfinning að vera í fullum sal af ungu, efnilegu fólki sem flest hefur greinst með krabbamein. Þó að krabbamein sé algengara meðal eldra fólks þá er því miður alltof margt ungt fólk í blóma lífsins sem greinist með sjúkdóminn. Þegar ég kom í atvinnuviðtal hjá Krafti tóku á móti mér þrjár ungar og glæsilegar konur sem allar höfðu greinst með krabbamein. Það er aðdáunarvert að sjá hve mikill kraftur og dugnaður er í félagsmönnum og aðstandendum þeirra. Þarna er jákvæðnin í önd-

vegi og lífskrafturinn. Í félaginu eru rúmlega 300 manns og það er rekið í sjálfbodoðastarfi og með styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Við styðjum félagsmenn okkar og liðsinnum þeim á þann hátt sem við getum og deilum reynslu okkar. Innan okkar vébanda er fólk sem býr yfir mikilli reynslu, hefur greinst jafnvel oft en einu sinni með sjúkdóminn og getur rætt við nýgreinda einstaklinga um meinið, óttann, lyfjameðferðina og aukaverkanir lyfjanna sem oft eru ekki sýnilegar hinum sem ekki hafa greinst. Ég vil nota tækifærið hér og hvetja allt ungt fólk, sem greinist með krabbamein, að hafa samband við Kraft stuðningsfélag. Ég minni á að þó að við segjum „ungt“ fólk, þá bjóðum við alla velkomna. Svo fer krabbamein ekki í manngreinarálit því það ber jafnt niður í öllum þjóðfélagshópum, hjá þeim sem eru vel staddir fjárhagslega og hinum efnaminni. Við eigum okkur draum um að geta stutt fjárhagslega við bakið á slíkum fjölskyldum.“

Hafið tryggingarnar í lagi!

„Það er merkilegt að einmitt þjáningin skuli gefa okkur möguleika á þroska. Auðvitað veltur á okkur sjálfum hvort við leyfum henni að þroska okkur, leyfum henni að breyta okkur. En lífið heldur alltaf áfram. Við erum knúin til þess að taka þessi skref áfram, eitt í einu, hvernig sem allt er. Þegar ég stóð allt í einu ein, og þegar ég skoðaði óskir mínar, fann ég að ég á aðeins eina ósk og hún er sú að fá að lifa nógu lengi til þess að geta stutt dætur mínar og sjá þær vaxa úr grasi. Og meðan ég lifi langar mig að lifa lífinu lifandi, í gleði og sinna skapandi verkefnum. Það er svo miklu skemmtilegra. Og svo vil ég ljúka þessu með því að segja við ungt fólk: Hafið tryggingarnar í lagi!“ segir Anna Ingólfsdóttir, starfsmaður Krafts.

Kraftur vill nota tækifærið og þakka velunnurum sínum fyrir veittan stuðning. Þeir sem vilja leggja Krafti lið geta lagt inn á reikning í KB banka:
0327-26-112233, kt. 571199-3009

Þjóð
gegn
PUNGLYNDI

Tugir námskeiða um land allt

„Verkefnið Þjóð gegn þunglyndi fer vel af stað og við finnum greinilega að fræðsla og umræða um þunglyndi og sjálfsvíg er tímabær og nauðsynleg,“ segir Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri. Aðstandendur verkefnisins hafa ferðast um landið og efnt til hátt í 30 dags-námskeiða með fagfólki úr ýmsum áttum á hverjum stað; meðal annars starfsfólki í heilbrigðis- og félagsþjónustu, kennurum, prestum og lögreglumönnum. Formælendur verkefnisins hafa líka flutt erindi á fundum félaga og sam-

taka, tekið þátt í fjölmiðlaumræðu og efnt til námskeiða með sjálfboðaliðum sem svara í 1717, hjálparsíma Rauða krossins fyrir þá sem glíma við depurð, kvíða, þunglyndi eða sjálfsvígshugsanir. Í tengslum við verkefnið hefur verið gert myndband til útlána á heilsugæslustöðvum og bæklingar prentaðir. Síðast en ekki síst ber að nefna heimasíðuna www.thunglyndi.landlaeknir.is sem er mikill upplýsingabrunnur um flest sem tengist þunglyndi og sjálfsvígum.

Gert var ráð fyrir því að ljúka

hringnum um landið í vor með námskeiðum fyrir fagfólk á Hvolsvelli og Kirkjubæjarklaustri og í haust í Vestmannaeyjum. Síðan er stefnt að því að ná betur augum og eyrum almennings í kynningarstarfinu og leggja sérstaka áherslu á skólana næsta vetur. „Við ætlum að óska eftir fundum með skólastjórnendum í ágúst til að skipuleggja kynningarstarf með þeim á næsta skólaári, enda eigum við tvímælalaust brýnt erindi við þá sem í skólunum starfa, bæði nemendur og kennara,“ segir Salbjörg.

VÍS er aðalstyrktaraðili verkefnisins

Landlæknisembættið stofnaði til þessa brýna fræðslu- og forvarnaverkefnis, Þjóð gegn þunglyndi – fækkum sjálfsvígum, í júní 2003. VÍS er aðalstyrktaraðili þess. Sigurður Guðmundsson, landlæknir, og Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, kynntu samstarfið á fréttamannafundi þar sem sá síðarnefndi sagði m.a.:

„Forvarnastarfi gegn þunglyndi og sjálfsvígum fellur afar vel að stefnu og starfi VÍS sem hiklaust má segja að sé leiðandi í for-

varnastarfi á tryggingamarkaði. Það kom okkur hjá VÍS á óvart hve þunglyndi og alvarlegustu afleiðingar þess, sjálfsvígin, eru útbreitt og alvarlegt vandamál. Það liggur við að tala megi um þjóðarvá í því sambandi. Við hjá VÍS höfum mikla trú og traust á því fagfólki sem að verkefninu kemur á vegum landlæknis og það á sinn þátt í ákvörðun VÍS um stuðning við verkefnið. Einnig er það stefna VÍS að styðja mikilvæg samfélagsleg málefni og taka þannig virkan þátt að bæta íslenskt mannlíf.“



Salbjörg Bjarnadóttir.



Sólveig Þórhallsdóttir.



Sigrún Björnsdóttir.

Umræðan vekur fólk til umhugsunar

„Námskeiðið var ljómandi gott og umfjöllunarefnið brýnt,“ segir Sólveig Þórhallsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Heilsugæslu Sel-tjarnarness. Hún kynntist verkefniinu Þjóð gegn þunglyndi á námskeiði sem ætlað var fagfólki til að fræðast frekar um helstu einkenni þunglyndis og sjálfsvígshæðunar og um meðferðarúrræði.

„Mörgum líður illa og fólk leitar gjarnan til heilsugæslunnar með ýmislegt sem það tengir ekki við þunglyndi. Þá þurfum við hjúkrunarfræðingar og læknar að vera vakandi fyrir duldu

einkennum þunglyndis og vera tilbúin að veita hjálp.“ Sólveig segir að upplýsingar og umræður á námskeiðinu reynist sér vafalaust notadrjúgt veganesti í starfi. Áður hefur hún stundað fjarnám í Háskóla Íslands um þunglyndi á námskeiði um geðvernd eftir barnsburð.

„Þunglyndi er ekki aðeins vandamál fullorðins fólks. Börn geta líka þjáðst af þunglyndi og kvartanir þeirra um líkamlega vanlíðan geta verið merki um slíkt,“ segir Sigrún Björnsdóttir, skólahljúkrunarfræðingur í Austurbæjar-

skóla. Hún sótti námskeið á vegum verkefnisins Þjóðar gegn þunglyndi og ber því vel sögu. „Það er mikil þörf á fræðslustarfsemi og opinberri umræðu til að vekja fólk til umhugsunar. Ég er mjög ánægð með framtakið og námskeiðið. Til dæmis nota ég þunglyndisprófið talsvert í starfi mínu til að greina möguleg einkenni hjá krökkunum.“

„Tímanum á námskeiðinu var vel varið svo langt sem það náði. Ég saknaði þess að fá ekki að heyra meira um hvernig eigi að ná til almennings, fólksins sem þarf á



þjónustunni að halda,“ segir Valgerður Valgarðsdóttir, djákni á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Hún sótti námskeið Þjóðar gegn þunglyndi á Akureyri. „Örvæntingin blasir við víða og við fáum hingað fólk sem hrópar á hjálp og hefur jafnvel reynt að svipta sig lífi. Almenn umræða um þunglyndi og sjálfsvíg er vissulega skref fram á við en ég hefði viljað meiri umræðu um bein úrræði og öflugri eftirfylgni.“

Valgerður Valgarðsdóttir.

Úti að aka?



VÍS efndi til málþings um umferðarmál í vor í Reykjavík. Samkoman bar yfirskriftina Úti að aka? Hún tókst með afbrigðum vel og á annað hundrað gestir fylltu fundarsal hótels Nordica. Óli H. Þórðarson, formaður Umferðarráðs, stjórnaði málþinginu. Undirbúningur þess hvíldi mest á Ragnheiði Davíðsdóttur, forvarnafulltrúa, og Árna S. Péturssyni, markaðs- stjóra VÍS. Ragnheiður tók saman nokkra efnisþætti umræðunnar í lokin og sleit síðan málþinginu.

Búum til nýjan H-dag!

„Íslendingar eru áhlaupsfólk. Rífum okkur upp úr doðanum í umferðaröryggismálum með því að búa til nýjan H-dag, til dæmis 26. maí 2008. Eyðum miklum peningum í kynningarstarf fyrir og eftir nýja H-daginn, breytum því sem breyta þarf í lögum og reglugerðum!“ sagði Ómar Ragnarsson, sjónvarpsmaður, á málþingi VÍS. Hann kom víða við í máli sínu og lýsti meira að segja íslenskum þjóðarkarakter og tregðulög- málum í umferðinni með leikrænum tilburðum og skýringarkvikmyndum. Hann sagði að margt mætti af grönnum okkar læra en hægt gengi jafnan að koma breytingum áleiðis hérlandis, sumum jafnvel sem hefðu talist sjálfsgæðar og eðlilegar áratugum saman í öðrum löndum, til dæmis æfingasvæði fyrir ökunema. Hraðamerkingar malarvega í Finnlandi og merkingar á hættulegum stöðum í Noregi væru til dæmis til fyrirmyndar og í Sovétríkjunum hefði fræðsla um bíl og umferð verið hluti af skyldunámi í skólakerfinu. Ráðamenn risaveldanna tveggja,

Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, hefðu tekist á í heimspólitikinni en verið sammála um að leyfa þegnum sínum að beygja til hægri á rauðum ljósum. Í Bandaríkjunum væru víða blikkandi, rauð ljós á gatnamótum þar sem bílstjórnarnir leystu sjálfir umferðarvandann með því að aka yfir gatnamótin í sömu röð og þeir kæmu að þeim, snurðulaust. Á Íslandi væru hins vegar ekki einu sinni til skýrar reglur um akstur á hringtorgum og enginn viti í raun hvernig eigi að aka um þau!

„Vandi Íslendinga í umferðarmálum liggur í þjóðarkarakternum, menntakerfinu og uppeldinu. Við eigum að rífa okkur upp á rassg.... og búa til nýjan H-dag í umferðinni til að skerpa sýnina og hugsunina. Hann verður

Happadagur
Hagkvæmnisdagur
Hamingjudagur!“



Úti að aka?

„Við eigum að tileinka okkur „núllsýnina“ í reynd og forgangsraða með tilliti til umferðaröryggis. Við skulum segja **við verðum** í stað **við þurfum**,” sagði Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs Vegagerðarinnar, í erindi sínu á málþingi VÍS. Svokölluð núllsýn (nollvision) sem hann vísaði til er siðferðileg afstaða sem þjóðþing Svíþjóðar og Noregs hafa lögfest að skuli vera undirstaða umferðaröryggisstefnu og samgönguáætlana ríkjanna. Núllsýnin er í sjálfu sér ekki yfirlýst markmið heldur framtíðarsýn um að enginn skuli láta lífið eða skaðast varanlega í umferðinni. Enginn á að setta sig við þá hugsun að svo og svo margir hljóti að farast eða örkumlast árlega í umferðarslysum.



Rögnvaldur Jónsson.

Óhöpp af einhverju tagi verða trúlega alltaf óhjákvæmileg, einfaldlega vegna þess að fólk gerir mistök. Andi núllsýnarinnar er hins vegar sá að gera allt sem mögulegt er til að koma í veg fyrir

ir alvarlegar afleiðingar óhappa í umferð: örkumlun eða dauða.

Svíar eru forystuþjóð um að tileinka sér þessa nýju hugsun og Norðmenn ákváðu að taka þráðinn upp hjá sér. Ætla má að enn

Verkefnum verði forgangsraðað í þágu aukins umferðaröryggis

fleiri ríki fari í smiðu Svía að þessu leyti. Sænsk stjórnvöld kynntu þannig samgönguráðherrum ESB núllsýnina í París 7. apríl síðastliðinn, á alþjóðlegum degi umferðaröryggis, og viku síðar kynntu þau málið á umferðaröryggisráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar efndu til með Kofi Annan, framkvæmdastjóra samtakanna, í fararbroddi.

Núllsýn myndi breyta forgangsröðun hérlendis

Rögnvaldur Jónsson nefndi fáein dæmi um hvernig forgangsröðun í vegamálum myndi breytast með tilliti til umferðaröryggis. Íslensk núllsýn hefði þannig látið úrbætur á Suðurlandsvegi og Norður-

landsvegi ganga fyrir framkvæmdum við Suðurstrandarveg og Þverárfjallsveg. Svokallaðir 2+1 vegir á fjölförum leiðum hefðu komið á undan tvöföldun Reykjanesbrautar og gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar í Reykjavík hefði verið breytt áður en Hringbraut var færð.

„Við vitum nægilega mikið til að gera réttar ráðstafanir í því skyni að fækka umferðarslysum en stjórnvöld hafa hingað til ekki sinnt umferðaröryggi af nógu mikilli alvöru. Núllsýnin ætti að vera stefna ráðuneyta og stofnana, sem málið varðar, og þar með ætti að breyta áherslum að þessu leyti í samgönguáætlun okkar.“



Finnur Ingólfsson.

200 milljónir króna til forvarna á 4 árum

Umferðarslys á Íslandi á árinu 2003 kostuðu þjóðina um 16 milljarða króna ef miðað er við að kostnaður við umferðarslys jafngildi 2% af þjóðarframleiðslu. Upphæðin svarar til fjórðungs fiskafla Íslendinga eða til samanlagðra opinberra framlaga til allra samgöngumála árið 2002! Þetta kom fram í setningarávarpi Finns Ingólfssonar, forstjóra VÍS, á málþingi Úti að aka?

Finnur sagði að VÍS hefði gegnt forystuhlutverki í umferðarforvörnum á Íslandi og varið um 200 milljónum króna til slíkra verkefna á síðastliðnum fjórum árum. Félagið myndi efla þetta starf enn frekar á komandi árum.

Þetta kom fram í erindi Ágúst Mogensens, framkvæmdastjóra Rannsóknarnefndar umferðarslysa, á málþingi VÍS. Hann sagði að í fæstum tilvikum væri unnt að

Alvarlegum slysum fækkar í þéttbýli en fjölgar á þjóðvegum

Nær níu af hverjum tíu banaslysum í umferð á Íslandi eru á þjóðvegum landsins og flest þeirra má rekja til útafaksturs. Slysum á þjóðvegum fjölgar og ef marka má tölur á árabílinu 1998-2002 er hættan jafnan mest um helgar að sumarlagi. Alvarlegum slysum í þéttbýli hefur hins vegar fækkað og það má einkum þakka ýmsum ráðstöfunum til að auka öryggi í umferðinni. Á höfuðborgarsvæðinu hafa til dæmis verið búin til undirgöng, mislæg gatnamót og hringtorg, byggðar göngubrýr yfir fjölfarnar götur og settur 30 km hámarkshraði í íbúðahverfum.

Þetta kom fram í erindi Ágúst Mogensens, framkvæmdastjóra Rannsóknarnefndar umferðarslysa, á málþingi VÍS. Hann sagði að í fæstum tilvikum væri unnt að



Ágúst Mogensen.

rekja orsakir slysa í dreifbýli til vegarins sjálfs og umhverfis hans en í mörgum tilvikum hefðu slys á fólki orðið mun minni ef gengið hefði verið betur frá veginum og umhverfinu. Ágúst bendir á að hraði á þjóðvegum sé meiri en í þéttbýli og umferð úr gagnstæð-

um áttum sé ekki aðgreind á þjóðvegum. Þá séu viðbragðsaðilar (lögregla, sjúkralið) jafnan fljótari á slysstað í þéttbýli, umferðareftirlit sé þar meira og merkingar og leiðbeiningar fyrir öikumenn betri en víðast hvar í dreifbýli.



Hvað er bak við skiltið?



Ólafur K. Guðmundsson fylgist með umræðum á málþingi VÍS.



„Frágangur þess sem komið er af nýju, tvöföldu Reykjanesbrautinni bendir til þess að kommúnistastjórnin í þáverandi Tékkóslóvakíu hafi fyrir mörgum áratugum verið lengra komin í að hanna samgöngumannvirki með um-

ferðaröryggi að leiðarljósi en Íslendingar nú í upphafi 21. aldar!“ sagði Ólafur K. Guðmundsson, stjórnarmaður í Landssambandi íslenskra akstursfélaga, við fulltrúa á málþingi VÍS. Hann brá upp á tjalld mörgum myndum sem

vöktu viðstadda til umhugsunar og sýndi fram á að umferðarmerki og leiðbeiningaskilti við gatnamót og hringtorg væru víða svo lágt og illa staðsett að þau byrgðu öku- mönnum sýn. Umferðarskilti gæti þannig beinlínis skapað ákveðna

hættu í umferðinni. Ólafur kallaði eftir betri merkingum vega og að vandað yrði til umhverfis veganna. Svo vildi hann sjá vegrið mun víðar á Íslandi, bæði í þéttbýli (t.d. milli akbrautanna í Ártúnsbrekku í Reykjavík) og í dreifbýli. Honum

fannst alveg fráleitt að setja ekki vegrið við nýju Reykjanesbrautina og sagði að þar gætu líka orðið mjög alvarleg slys með útafakstri og árekstrum eftir tvöföldun. Vegrið væri hið eina sem kæmi í veg fyrir slíkt.

Vegrið safna að sér snjó og takmarka vegsýn



Árni Jónsson hjá Orion ráðgjöf.

„Vegrið auka vissulega öryggi vegfarenda í mörgum tilvikum en þau geta líka skapað vanda og jafnvel hættu við ákveðnar aðstæður. Samstarfsverkefni okkar og Vegagerðarinnar fjallar einmitt um hvernig unnt er að takmarka ókosti vegriða,“ segir Árni Jónsson, byggingarverkefningur hjá Orion ráðgjöf ehf. Hann fylgdist með umræðum á málþingi VÍS þar sem vegrið bar meðal annars á góma.

Vegriðin, sem algengust eru hérlendis, hafa helst þá ókosti að safna að sér snjó og takmarka vegsýn ökumanna. Margir kannast við renningskóf sem fer yfir vegrið og akbrautir í augnhæð ökumanna. Við þessar aðstæður geta líka myndast lúmskir og varasamir skaflar út frá vegriðum. Þessu fylgir aukin slyshætta og þörf er á tíðari snjóruðningi en ella.

Sérfræðingar Orion Ráðgjafar og Vegagerðarinnar eru meðal annars að kanna áhrif nýrra vegriða sem upprunnin eru í Svíþjóð og notuð í vaxandi mæli þar og í Noregi. Þessi vegrið eru opnari en þau sem við þekkjum best úr íslensku vegakerfi. Nýju vegriðin hafa verið sett upp til reynslu á nokkrum stöðum, m.a. við Bjarnardalsá á Vestfjarðaleið (Bröttubrekku), í Kömbum og við

Hofsós. Ný og eldri gerð vegriða var sett upp við Hofsá og Grafará í Skagafirði og fylgst var með áhrifum þeirra við nákvæmlega sam- bærilegar aðstæður í janúar og febrúar 2004. Frumniðurstöður sýna að nýju vegriðin söfnuðu að sér mun minni snjó en eldri gerðin, sem er alveg í samræmi við reynslu Svía og Norðmanna. Í rannsóknarverkefninu munu menn líka velta fyrir sér kostum

og göllum annars konar vegriða, stálvíra sem strengdir eru milli stólpa. Enn fremur er kannað hvar og hvernig vegriðum er best fyrir komið við vegarbrúnir þannig að þau gegni sem best hlutverki sínu.

Ef að líkum lætur má því búast við að vegfarendur á Íslandi fari innan tíðar að sjá nýju vegriðin mun víðar við þjóðvegi og akbrautir en nú er.

Heildarlausnir í öryggisvörnum

Á innan við 10 árum hefur Öryggismiðstöð Íslands breyst úr því að vera 5 manna fyrirtæki, sem sérhæfði sig í öryggisgæslu, í að vera 100 manna fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir í öryggis- og brunavörnum fyrir heimili og fyrirtæki. Öryggismiðstöðin var stofnuð í september 1995 af fimm vinnufélögum sem áður höfðu starfað hjá einu þeirra öryggisfyrirtækja sem þá voru starfandi í landinu. „Viðskiptavinir tóku okkur frá upphafi mjög vel, enda með góðan búað og við settum strax upp eigin öryggisvaktmiðstöð,“ segir Reynir S. Ólafsson, framkvæmdastjóri öryggisgæslu og einn frumherjanna. „Á fyrstu mánuðunum vorum við allt í öllu og fljótlega fjölgaði í hópnum. Við vorum jöfnum höndum að selja öryggiskerfi, standa vakt sem öryggisverðir og setja kerfin upp. Fórum beint úr sölunni til að bora og skrufa.“

Árið 2001 voru fyrirtækin Eldverk og Vörutækni sameinuð Öryggismiðstöð Íslands. Eldverk var stærsta slökkvitækjapjónusta landsins en Vörutækni sérhæfði sig í innflutningi og sölu á hvers kyns eftirlits-, vöruverndar- og öryggisbúnaði. Sama haust flutti Öryggismiðstöðin síðan í nýtt, rúmgott og sérhannað húsnæði í Borgartúni 31. Starfsemi fyrirtækisins er orðin afar fjölbreytt og viðfangsefnið á degi hverjum síbreyttileg. Starfsmenn hafa mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði og fylgjast vel með tækniþróun í greininni. Óhætt er að fullyrða að öll aðstaða og tækjabúnaður er samþættilt því besta sem gerist í heiminum í þessari grein.

Fjölbreytt og góð þjónusta

Hjarta Öryggismiðstöðvar Íslands slær í öflugri öryggismiðstöð sem er mönnum allan sólarhringinn allan ársins hring. Þar koma saman öll fjarskipti fyrirtækisins og þar er fylgst með viðvörðunardegi frá kerfum sem hafa eftirlit með hinum ýmsu svæðum víðs vegar um landið. Öryggisverðir fyrirtækisins, sem eru á ferðinni eða við staðbundna gæslu, eru einnig beintengdir öryggismiðstöðinni. Aðstaða, öryggiskröfur og uppbygging öryggismiðstöðvarinnar er sam-



Jón Snorri Snorrason (t.v.) og Reynir S. Ólafsson fyrir framan höfuðstöðvar Öryggismiðstöðvar Íslands í Borgartúni.

kvæmt ströngustu Evrópustöðlum og þangað inn komast aðeins þeir sem þar starfa.

Öryggismiðstöð Íslands einbeitt sér að nokkrum meginviðfangsefnum en það eru meðal annars öryggis- og aðgangsstýrikerfi, myndavélakerfi, brunavarnir, öryggisgæsla, vöruverndarbúnaður og heimagæsla. „Helsti styrkur Öryggismiðstöðvarinnar er ákaflega breið vörulína og hátt þjónustustig,“ segir Reynir S. Ólafsson.

Gagnkvæmir hagsmunir

Jón Snorri Snorrason tók við starfi framkvæmdastjóra Öryggismiðstöðvarinnar fyrr á þessu ári í kjölfar fjárhagslegrar endurskiplagningar og hlutafjárútkninga. Hann segir að þrátt fyrir stækkandi markað hafi síðustu ár verið þung í rekstri fyrirtækja í þessum geira. Hins vegar hafa eigendur mikla trú á félaginu, starfsfólkinu og vaxtarmöguleikum í greininni. Þetta birtist vel í mikilli spurn eftir eignarhlut í félaginu þegar aukið var þar hlutafé. „Ég tel vera mikla möguleika á þessum markaði,“ segir Jón Snorri. „Þessi grein er

að slíta barnsskónum. Við sjáum það til dæmis á því að enn eru tiltölulega fá heimili í landinu með öryggiskerfi þrátt fyrir að þeim hafi fjölgað hlutfallslega síðustu ár. Ég spái því að innan nokkurra ára líti menn á það sem jafnsjálfsagðan hlut að vera með öryggiskerfi heima hjá sér og að hafa húseigenda- og heimilstryggingu. Reynslan sýnir að heimili, sem hafa sett upp góð viðvörðunarkerfi tengd öryggismiðstöð, eru neðarlega á lista innbrotspjófa,“ segir Jón Snorri. Slíkar forvarnir eru augljóslega sameiginleg hagsmunamál heimila og tryggingafélaga. Öryggismiðstöðin á mikið og gott samstarf við VÍS sem er meðal eiganda fyrirtækisins. „Þetta samstarf skilar sér til viðskiptavina beggja, því þeir sem eru með Heimagæslu hjá Öryggismiðstöðinni fá afslátt af tryggingaiðgjöldunum hjá VÍS og með sama hætti fá þeir sem tryggja hjá VÍS afslátt af mánaðarlegri áskrift að heimagæslu hjá okkur,“ segir Jón Snorri.

Miklir vaxtarmöguleikar

Vaxtarmöguleikar Öryggismiðstöðvarinnar liggja víðar. Þannig tíðkast nú í æ ríkari mæli að fyrirtæki og opinberar stofnanir fái utanaðkomandi aðila til að annast hvers kyns gæslu eða verðmætaflutninga fyrir sig. Þá liggur beint við að leita til fagmanna hjá Öryggismiðstöð Íslands. Af nýjum viðfangsefnum má nefna vöktun hafnarsvæða en nú er verið að gera mjög auknar öryggiskröfur til útflutningshafna. Öryggisgæsla við útflutningshafnir verður að sögn Jóns Snorra boðin út innan skamms. „Þetta er dæmi um verkefni sem ríki og sveitarfélög hefðu fyrr á árum leyst með því að ráða vaktmenn sjálf. Nú eru breyttir tímar og menn sjá sér hag í því að fela vel skipulögðum og reyndum öryggisfyrirtækjum að annast þetta. Vaxtarmöguleikar okkar eru því miklir og mörg spennandi tækifæri framundan,“ segir Jón Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Öryggismiðstöðvar Íslands.

Myndgæsla kassakerfa – nýjung sem lofar góðu

Meðal nýjunga í vöru- og þjónustuframboði Öryggismiðstöðvarinnar er myndgæsla kassakerfa sem hentar vel í smásöluverslanir og víðar. Með þessari nýjung eru kassakerfi og myndavélakerfi verslana tengd saman sem þýðir að um leið og vörur eru skráðar inn í kassakerfi verslana fylgir með mynd sem sýnir þegar þær eru seldar. Eftir á er hægt að kalla fram og skoða myndir af allri afgreiðslu í kassakerfinu með því að slá inn viðkomandi vörunúmer.


Verslanakeðjan Kaupás, sem rekur 43 verslanir, hefur þegar fest kaup á slíku kerfi og er nú að gera tilraun með það í einni af verslunum sínum. Sigurjón Gunnlaugsson, öryggisstjóri hjá Kaupási, segir að enn sé verið að þróa viðmót sem þeir telji að henti þeim best en byrjunin lofi góðu. Hann telur sterkar líkur á að myndgæsla kassakerfa verði tekin upp í öðrum verslunum Kaupáss.

„Myndgæsla kassakerfa gerir mögulegt að fylgjast með því að rétt sé staðið að afgreiðslu. Til dæmis getum við kallað fram myndir af allri afgreiðslu tóbaks. Þá vöru má ekki selja fólki sem er yngra en 18 ára

og sannreyna má að reglur, sem um slík viðskipti gilda, séu virtar. Oft erum við í samstarfi við birgja þar sem boðið er upp á kaupauka. Myndgæsla kassakerfa þýðir að við getum sýnt samstarfsaðilunum að kaupaukinn sé afhentur í hvert skipti sem viðkomandi sala fer fram. Loks má nefna að ef upp koma álitamál, sem snúa til dæmis að vörurýmnum, getur afgreiðslufólkið á kössunum treyst því að ef það er að gera allt rétt mun kerfið staðfesta það,“ segir Sigurjón, og bætir við að eftir því sem menn kynnist kerfinu betur birtist fleiri kostir þess. Ljóst sé að með því hafi þeir fengið í hendur öflugt tæki sem muni nýttast vel við þjálfun starfsfólks og við að framfylgja þeim viðmiðum sem fyrirtækið hefur sett sér um þjónustu, rýmnum og markaðssetningu. Hann segist ekki verða var við tortryggni starfsfólks vegna myndavélavæðingar verslana. „Við viljum líta á myndavélakerfin sem tæki til að staðfesta heiðarleika frekar en óheiðarleika,“ segir Sigurjón Gunnlaugsson, öryggisstjóri Kaupáss.



Kaupás hefur á liðnum árum fjárfest í myndavélakerfum í allar verslanir sínar. Hér hand-sala Sigurjón Gunnlaugsson, öryggisstjóri Kaupáss, og Kristinn Skúlason, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Öryggismiðstöðvar Íslands, gott samstarf.



Meðal verkefna sem öryggisverðir Öryggismiðstöðvarinnar sinna er að sjá um að læsa fyrirtækjum í lok vinnudags.

Á Íslandi eru innbrot í fyrirtæki og heimahús alltof tíð og stafar flestum í dag hættu af innbrotspjófum. Sífellt fleiri leita til Öryggismiðstöðvar Íslands og fá aðstoð við fyrirbyggjandi aðgerðir. Framan af voru það fyrst og fremst stærri fyrirtæki, sem sinntu þessum málum, en síðan fóru minni fyrirtæki einnig að setja upp hjá sér öryggisvarnir. Undanfarin misseri hafa heimilín í æ ríkari mæli gripið til hertra öryggisvarna. „Sú mikla spurn eftir öryggiskerfum, sem við höfum orðið varir við undanfarið ár, á rætur að rekja til fjölgunar innbrota sem virðast í ríkari mæli en áður vera líður í skipulagðri

glæpastarfsemi,“ segir Kristinn Skúlason, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Öryggismiðstöðvar Íslands. Hann segir ekki óalgenget að brotist sé inn um hábjartan dag og því sé fyllsta ástæða til að vera vel á verði. Ýmsar leiðir standa til boða og í flestum tilfellum er hægt að auka öryggið á til-
tölulega ódýran hátt.

Sífelld fleiri velja Heimagæslu

Sú leið sem mörg heimili hafa valið er að semja um Heimagæslu en hún felur í sér að sett er upp öryggiskerfi á heimilinu, beintengt Öryggismiðstöð Íslands. Búnaður-

inn, sem er stjórnstöð og skynjarar, er lánaður en viðskiptavinurinn greiðir mánaðarlegt þjónustugjald sem felur í sér uppsetningu og viðhald kerfisins, auk útkallsþjónustu. Öryggismiðstöðin vaktar boð frá kerfinu og sendir öryggisverði á vettvang strax og boð berast um hættuástand. Í Heimagæslunni felst innbrotsviðvörðun þegar íbúar eru ekki heima, nætur-
viðvörðun allan sólarhringinn allt árið. Þá eru dæmi um að fólk, sem fer í styttri ferðalög, semji um að öryggisverðir vökví blóm eða gefi jafnvel gæludýrum.

Fleiri kjósa fyrirbyggjandi aðgerðir

Klæðskerasniðnar lausnir

Auk uppsetningar og vöktunar öryggiskerfa hafa fjölmörg fyrirtæki og stofnanir samið um sérstaka gæslu á þann hátt að Öryggismiðstöðin vaktar húsnæði og athafnasvæði svæði þeirra að loknum vinnudegi. Þar sem fyrirtækin hafa ólíka öryggis- og eftirlitsþörf er ekki um staðlaðar lausnir að ræða heldur er vaktþörfin metin og útfærð í samráði við hvern og einn viðskiptavin og lausnirnar í raun klæðskerasamaðar. Sumum dugar að fá öryggisvörð til að koma og læsa í lok vinnudags, aðrir velja að fá öryggisvörð nokkrum sinnum á sólarhring til að fylgjast með vinnustaðnum og umhverfi hans. Öryggisvörðurinn slekkur jafnvel á eða tekur úr sambandi þau rafmagnstæki sem ekki eiga að vera í gangi. Þá er oft samið um að öryggisverðir gangi úr skugga um hvort bifreiðar á vegum viðkomandi fyrirtækja séu ekki örugglega læstar en það er þjónusta sem ýmsar bílasölur hafa notfært sér og komið að góðum notum.

Stuttur viðbragðstími

Vaktbílar Öryggismiðstöðvarinnar eru á stöðugri ferð um borgina allan sólarhringinn. Þegar boð um útkall berst er sá bíll sem næstur er sendur á vettvang og því líður yfirleitt skammur tími þar til öryggisvörður er kominn á staðinn. Mikil áhersla er lögð á yfirgripsmikla þjálfun starfsfólks Öryggismiðstöðvar Íslands og er brýnt fyrir mönnum að tefla eigin öryggi aldrei í tvísýnu. Þannig verða öryggisverðir, sem koma á vettvang þar sem innbrot hefur verið framið, að fara að öllu með gát því aldrei er að vita upp á hverju þeir taka sem þar eru á ferð. Á síðustu misserum hefur samstarf Öryggismiðstöðvarinnar og lögreglu aukist jafnt og þétt. Er gott til þess að vita að á meðan flestir landsmenn eru í fastasvefni eru vaskar sveitir lögreglu og öryggisvarða á sveimi um borg og bý að gæta öryggis og fylgjast með því að allt sé með felldu.

Samstarfssamningur

VÍS leggur Óperunni lið

„Samstarfið við VÍS er einkar ánægjulegt og ég leyfi mér að álykta sem svo að forsvarsmenn félagsins hafi trú á því sem við erum að gera í ljósi þess að VÍS hefur ákveðið að auka stuðning sinn. Því fögnum við að sjálf-sögðu,“ segir Bjarni Daníelsson, óperustjóri. Þeir Finnur Ingólfsson, forstjóri, undirrituðu í vetur nýjan samstarfssamning VÍS og Íslensku óperunnar. VÍS hefur um árabíl verið styrktaraðili Óperunn-

ar og hefur nú samið um að tvöfalda framlag sitt til starfseminnar frá því sem var árið 2003.

„Það færir sem betur fer í vöxt að fyrirtæki leggi fjármuni í menningarstarfsemi og líti á slíkt sem mikilvægan hluta af ímynd sinni inn á við og út á við. Við göngum til samninga við þessi fyrirtæki fullviss um að það sé þeim hagstætt að stofna til samstarfs við Íslensku óperuna,“ segir óperustjóri enn fremur.



Frá tónleikunum í Seltjarnarkirkju.

VÍS-kórinn frumflutti friðarmessu

VÍS-kórinn gerði sér lítið fyrir, fáeinum mánuðum eftir stofnun, og frumflutti messu eftir velska tónskáldið Karl Jenkins í Seltjarnarkirkju 12. maí síðastliðinn. Ingibjörg Ólafsdóttir, þjónustufulltrúi í Ármúla í Reykjavík og formaður VÍS-kórsins, segir að aldrei hafi staðið til að stofna rauðvínsklúbb til að kyrja rútbilasöngva! „Þarna sameinaðist metnaðarfullt áhugafólk úr öllum deildum fyrirtækisins. Sumir höfðu reynslu af kórstarfi en aðrir ekki.“ Sjálf er Ingibjörg söngmenntuð og syngur

í Óperukómum. Hún þenur því raddböndin umtalsvert þegar hún ekki þjónar viðskiptavinum VÍS, einkum þegar tónleikar nálgast.

VÍS-kórinn var stofnaður haustið 2003 og kom fyrst fram á starfs-



Ingibjörg Ólafsdóttir.

mannasamkomu á aðventunni í vetur. Svo var ákveðið að setja markið hátt og syngja friðarmessu í sumarbyrjun. Þetta verk, **Vopnaði maðurinn**, var upprunalega samið og frumflutt í Englandi á vegum Konunglega vopnasafnsins. Tilefnið var þúsaldamótin. Verkið er sterkur friðarboðskapur og tileinkað fórnarlömbum borgarastyrjaldarinnar í Kosovo.

Björn Thorarensen stjórnar VÍS-kórnum og hann útsetti friðarmessuna fyrir 6 manna hljómsveit sem tók þátt í flutningi hennar.



Bjarni Daníelsson.

Innbúskaskó? Já takk!

Jónas Grani Garðarsson og Eygló Traustadóttir í Kópavogi þurftu ekki að hugsa sig lengi um þegar VÍS bauð viðskiptavinum sínum innbúskaskó sem hluta af fjölskyldutryggingu. „Þetta er trygging sem gott er að hafa þegar til dæmis fjöruþing börn eru á heimilinu og óhöpp geta orðið með tilheyrandi fjárútlátum. Það þarf

ekki annað en skrautmunir brotni eða einhverjir hlutir innbús fari forgörðum fyrir slysi svo það komi óvænt og illa við pyngjuna. Innbúskaskó er þar að auki ódýr trygging, kostar einungis frá 3.200 krónum á ári.“

Innbúskaskótrygging VÍS er ný af nálinni, valkvæður þáttur í fjölskyldutryggingu. Hún bætir tjón

á lausafjármunum innbús vegna skyndilegra eða utanaðkomandi orsaka sem ekki eru bótaskyld samkvæmt öðrum ákvæðum fjölskyldutryggingar. Hámarksbætur er 244.000 krónur vegna hvers tjóns en alls 611.000 krónur á tryggingarári. Vátryggingartaki ber sjálfur 10% áhættu í hverju tjóni.



Jónas Grani Garðarsson og Eygló Traustadóttir með börnin þrjú: Guðjón Trausta, Hildi Maríu og Garðar Eli.



Lykill að lægri iðgjöldum

- 3 grunntryggingar hjá VÍS
- Fastur gjalddagi
- Tjónleysi

10% afsláttur

- 4 grunntryggingar hjá VÍS og Lífis
- Fastur gjalddagi
- Boð-/beingreiðslur

4% afsláttur

- 5 grunntryggingar hjá VÍS og Lífis

5% afsláttur

Ert þú að nýta þér alla afslætti sem eru í boði? Kynntu þér afsláttafyrirkomulag VÍS í þjónustuveri í síma 560 5000 eða á www.vis.is.



Vátryggingafélag Íslands hf. • Ármúla 3 • Þjónustuver 560 5000 • www.vis.is

Valmeðferð

Valmeðferð er heiti á nýrri tryggingu sem VÍS byrjar að bjóða í haust í samstarfi við alþjóðlegt félag, Preferred Global Health (PGH).

Þessi trygging er nýmæli hérlendis og felur í sér vernd og umönnunarþjónustu fyrir þá er greinast með lífshættulega sjúkdóma og tryggir þeim aðgang að sérfræðingum og sjúkrahúsum í fremstu röð í Bandaríkjunum sér að kostnaðarlausu.

Paul Eckbo, forstjóri og einn af eigendum PGH, kom hingað til lands að þessu tilefni um miðjan maímánuð og flutti erindi um fyrirtæki sitt og þjónustu á hádegisverðarfundum VÍS á Radisson

Ný trygging hjá VÍS



Heimsókn á Barnspítala Hringins. Frá vinstri: Ásgeir Haraldsson, sviðstjóri lækninga, Paul Eckbo og Jon Archer frá PGH, Ásgeir Baldurs, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá VÍS og Magnús Pétursson, forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss.

SAS Hótel Sögu. Hann átti einnig fundi með Halldóri Ásgrímssyni, utanríkisráðherra, Davíð Á. Gunnarssyni, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, og Karli Steinari Guðnasyni, forstjóra Tryggingastofnunar. Eckbo skoðaði enn fremur Barnspítala Hringins í fylgd með Ásgeiri Haraldssyni, sviðstjóra lækninga.

Paul Eckbo segir mikilvægt að greina alvarlega sjúkdóma rétt strax í upphafi. Það sé forsenda vel heppnaðrar meðferðar. Miklu máli geti því skipt að fá mat óháðs sérfræðings á sjúkdómsgreiningu. Batahorfur séu líka misgóðar eftir því hvar sjúklingur fái meðferð og betri árangur náist jafnan á sérhæfðum sjúkrahúsum en öðrum. Þannig séu líflíkur að lokinni krabbameinsaðgerð tvöfalt meiri í Bandaríkjunum en á meginlandi

Evrópu og það sé einmitt ástæða þess að PGH hafi samið við bestu sjúkrahús Bandaríkjanna um meðferð sjúklinga á sínum vegum. Þjónusta þessara sjúkrahúsa standi þeim til boða sem komi til með að kaupa Valmeðferð, nýju trygginguna hjá VÍS.

Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, segir að tryggingafélög muni í vaxandi mæli taka að sér verkefni á sviði almannatrygginga í framtíðinni og styðja þannig við velferðarkerfið. Hérlendis þurfi að leita leiða til að standa undir auknum útgjöldum í opinberri heilbrigðisþjónustu. VÍS leggi mikla áherslu á að vera í stakk búið til að takast á við ný verkefni á þessu sviði. Samningur félagsins við PGH sé þar fyrsta skrefið.

Umdæmisstjóri VÍS hitar upp fyrir Deep Purple!

Enginn veit sína ævi fyrr en öll er. Það hvarflaði ekki að Smára Kristjánssyni, umdæmisstjóra VÍS á Selfossi, fyrir fáeinum vikum að í sumar myndi hann standa á sviði Laugardalshallar með bassann sinn og hita mörg þúsund manns upp á tónleikum gömlu brýnanna í Deep Purple. En svo fór nú samt og Smári og félagar í Mánum frá Selfossi ætla að loka sig inni núna um hvítasunnuna og liðka rokkgenin til undirbún-



ings tvennum tónleikum í Höllinni.

„Mánar komu saman síðast árið 1985, lögðust svo í dvala en glaðvöknuðu í vetur þegar Einar Bárðarson, hljómléikahaldari og

Mánar árið 1970. Okkar maður, Smári Kristjánsson, bassaleikari, er aftastur í hópnum.

Selfyssingur, hringdi og bauð okkur að koma fram með Deep Purple. Við þurftum ekki að hugsa okkur lengi um. Þetta getur ekki orðið annað en botnlaus ánægja og gleði,“ segir Smári.

Hljómsveitin Mánar var stofnuð árið 1965 og starfaði til 1975. Hún átti sér stóran og dyggan skara aðdáenda um land allt en sterkasta vígið var að sjálfsgöðu á Suðurlandi. Þar voru Mánar kóngar í sínu ríki. Enn þann dag í dag

minnast menn Mánaballa í Borg í Grímsnesi, Aratungu og víðar þegar dreif að fólk úr öllum áttum í 15 rútum, troðningurinn var ólýsanlegur innan dýra og úti fyrir ólmudust enn fleiri. Krakkar sem mændu á Mána á sviðinu fyrir aldarfjórðungi mæta sem ráðsett fólk í Laugardalshöll í sumar og rífa upp kynnin af sunnlensku goðunum. Bjóða jafnvel börnum og barnabörnum með sér. Purple verður þá góður fjölskyldubónus.